

# Umminn

1.tb 1.árg. 2008

## Umhverfisblað Njarðvíkurskóla

### Yfirlit

Umhverfisverðlaun  
Reykjanesbæjar.

Hvatnigarverðlaun  
Reykjanesbæjar

Grænfáninn

Umhverfis dagar í  
Njarðvíkurskóla

Umhverfisráð  
Njarðvíkurskóla



Njarðvíkurskóli vinnur samkvæmt umhverfisstefnu Reykjanesbæjar. Meginmarkmið með umhverfismennt er að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsmanna til umhverfismála. Með aukinni þekkingu á umhverfismálum og jákvæðu viðhorfi nemenda og starfsmanna er auðveldara að fá þau til að flokka sorp og ganga betur um náttúruna. Nemendur og starfsfólk skólans hafa verið að taka sig á í umhverfismálum síðustu ár. Meðal verkefna skólans hefur verið að flokka pappír, nýta betur pappír með t.d. nota báðar hliðar á blöðum. Prenta einungis það sem er nauðsynlegt og stilla ljósritun í hóf. Nota rafræn boðskipti sé þess kostur, frekar en pappír. Halda umhverfi skólans hreinlegu með þrifum á skólalóð. Yngri nemendur, í 1.-6. bekk, koma ekki með fernur í skólann og drekka mjólk eða vatn í nestistímum.

Haustið 2007 fékk Njarðvíkurskóli þá viðurkenningu Landverndar að fá að flagga Grænfánanum en Grænfáninn er umhverfismerki vistvænna skóla. Á tveggja ára fresti þarf að endurnýja umsókn um fánann og er þá gerð úttekt á umhverfisstefnu skólans og framkvæmd hennar. Nánari upplýsingar um Grænfánaverkefnið er að finna á heimasíðu Landverndar.

Stofnað hefur verið umhverfisteymi til að halda utan um umhverfismál skólans og til að setja skýra stefnu í umhverfismálum. Í þessu teymi eru fulltrúar nemenda úr 5.-10. bekk, fulltrúi foreldra, starfsmanna, kennara og aðstoðarskólastjóri. Skrifað var undir umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla á umhverfisdegi í skólanum 12. september 2007.

## Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar

Umhverfis- og skipulagssviðs veitti Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar þann 5. september 2008, en þau hljóta fyrirtæki, einstaklingar eða félagasamtök sem huga sérstaklega vel að umhverfi sínu. Njarðvíkurskóli var einn af 5 verðlaunahöfum þetta árið þar sem 5. 6. og 7. bekkur í Njarðvíkurskóla ásamt kennurum tók þátt í umhverfisverkefni á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs sl. vor en í verkefninu fólst að hreinsa nánasta umhverfi skólans. Krakkarnir í Njarðvíkurskóla hreinsuðu Grænáshlíðina og Fitjarnar og söfnuðu miklu magni af rusli. Nemendurnir stóðu sig með mikilli þrýði og eru jákvæð fyrirmynd.



Lára Guðmundsdóttir skólastjóri og Guðný Karlsdóttir deildastjóri tóku við Umhverfisverðlaununum fyrir skólans hönd.

## Hvatningarverðlaun Reykjanesbæjar

Hvatningarverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn þann 13. júní 2008 í Reykjanesbæ. Markmið þeirra er að vekja athygli á gróskumiklu starfi skólanna og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi. Verðlaunin eru viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu nemenda og foreldra og staðfesting á því að skólinn sé fyrirmynd annara á því sviði sem um ræðir. Alls bárust 24 tilnefningar og var Umhverfisteymi/Grænfáni Njarðvíkurskóli eitt af þeim verkefnum sem tilnefnd voru. Við fengum ekki verðlaun að þessu sinni en það er mikill heiður bara að hafa verið tilnefnd til þessara verðlauna.

## Grænfáninn

Njarðvíkurskóli fékk afhentan Grænfánann þann 20. nóvember 2007, við hátíðlega athöfn sem fór fram í íþróttasal skólans. Áður en fáninn var afhentur léku gítarleikararnir Ísak Þór Derrick Jameson og Valdimar Ómar Ögmundsson úr 5. bekk, Hanna Birna Valdimarsdóttir og Dána Lind Monzon úr 10. bekk, ásamt kennara sínum Þorvaldi Má Guðmundssyni, stef úr Lord of the Rings myndunum. Njarðvíkurskóli varð fyrstur grunnskóla á Suðurnesjum til þess að fá afhentan Grænfána. Í tilefni dagsins var haldinn sérstakur fjölskyldudagur í skólanum þar sem fjölskyldum nemenda var boðið í heimsókn Grænfáninn er veittur skólum fyrir vel unnin störf að umhverfismálum og umhverfismennt. Þeir skólar sem vinna til Grænfánans þurfa m.a. að stofna umhverfisnefnd skólans, meta stöðu umhverfismála í skólanum og gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta. Þá þarf að sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum og fræða nemendur um umhverfismál, einnig að setja skólanum formlega umhverfisstefnu.



Njarðvíkurskóli fær afhentan Grænfánann frá fulltrúa Landverndar. Umhverfisnefndin og Bæjarstjóri tóku formlega við fánanum í nóvember 2007..

## Umhverfis dagar í Njarðvíkurskóla 11. og 12. september 2008

Þema umhverfis dagana var: Nærsamfélag mitt, Njarðvík og Vallarheiði. Markmiðið er að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt, læri að skilja þá fjölmörgu þætti sem mótar samfélag og verði síðan virkir þátttakendur í mótun umhverfisins. Mikilvægt er einnig að nemendur velti fyrir sér af hverju eitthvað er eins og það er, ræði mögulegar ástæður fyrir því og finni úrbætur. Sem dæmi ef rætt er um eitthvað slæmt í umhverfinu eins og rusl og sóðaskap þá velta nemendur með sér ástæðunum fyrir sóðaskapnum. Þetta verkefni er í tengslum við þau umhverfismarkmið sem skólinn setti sér til tveggja ára haustið 2007. Einnig er skólinn í Comenicusarverkefni í tengslum við Leikskólann Gimli og leik- og grunnskólar frá Ítalíu, Spáni, Whales, Frakklandi og Ungverjalandi. Umhverfis dagurinn snérist um að láta alla nemendur skólans vinna sama verkefnið þ.e.a.s. allir nemendur fá sama viðfangsefnið gefið upp sem þeir útfærðu síðan á misjafnan hátt í samráði við sinn umsjónarkennara.



Unnið að verkefni á Umhverfisdegi.

## Umhverfisiráð Njarðvíkurskóla skólaárið 2008 -2009.

Fulltrúi skólastjórnenda: Ásgerður Þorgeirsdóttir.

Fulltrúi kennara: Natalya Grysnaía

Fulltrúi kennara: Margrét S Þórólfsdóttir.

Fulltrúi starfsmanna: Svanhvít Guðmundsdóttir.

### Fulltrúi foreldra:

Fulltrúar 10. bekkjar: Óskar Örn Óskarsson og Helgi Már Vilbersson.

Fulltrúar 9. bekkjar: Guðný Inga Kristófersdóttir Sigurður Dagur Sturluson og Alma Snæbjörnsdóttir

Fulltrúar 8. bekkjar: Eygló Alexandersdóttir og Ingibjörg Ýr Smáradóttir.

Fulltrúar 7. bekkjar: Guðbjörg Ósk Einarsdóttir

Fulltrúar 6. bekkjar: Salka Björt Kristjánsdóttir og Ragnar Helgi Friðriks-son.

Fulltrúar 5. bekkjar: Björk Gunnarsdóttir og Einar Garðarsson.



Allar fernur eru skolaðar og síðan fara þær til endurvinnslu.

## Skýrsla umhverfisteymis 2007 2008

Síðasta skólaár er búið að vera viðburðaríkt. Það sem stendur þó upp úr er að við náðum þeim áfanga að fá Grænfánann afhentann við formlega athöfn 20. nóvember 2007. Mikil vinna var lögð í umsókn og matsskýrslu sem send var inn til Landverndar. Við fengum einnig fulltrúa frá þeim í heimsókn sem skoðuðu skólann og starfsemi okkar í umhverfismálum. Umhverfisráð skólans hittist 10 sinnum á skólaárinu. Nemendur í þessu ráði unnu að hugmyndavinnu í sambandi við umhverfisgát í skólanum og bjuggu til slagorð og áminningar sem þau settu upp í hverri skólastofu ásamt matsalnum. Þau undirbjuggu skoðanakönnun sem send var heim með nemendum. Þau komu einnig saman til þess að skrifa undir umhverfissáttmála skólans sem hangir uppi í hverri skólastofu og er áberandi öllum þeim sem inn í skólann koma. Þeir nemendur sem voru í umhverfisráðinu í vetur verða þar áfram næsta vetur nema hvað nemendur 10. bekkjar falla út og nýir 5. bekkingar koma inn í staðinn. Á þemadögum í skólalok var áhersla lögð á grenndarkennslu og endurvinnslu. Þetta voru vel heppnaðir dagar þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni og m.a. bjuggu til kerti úr kertaafgöngum sem safnað hafði verið allt skólaárið. Kennara og starfsfólk unnu í vetur samkvæmt umhverfissáttmála Njarðvíkurskóla og var það með svipuðu sniði og verið hefur síðustu ár m.a. með grenndarkennslu, þrif á skólalóð, endurvinnslu pappírs og endurnýtingu annarra hluta.




Listaverk um fugla eftir nemendur á yngsta stigi.



Virkjum vísindin. Námsferð 9. bekkjar í Hitaveitu suðurnesja

**Myndir af því góða umhverfisstarfi sem unnið er að í Njarð-  
víkurskóla.**





### **Umhverfissáttmáli Njarðvíkurskóla**

- Að gera nemendur, starfsfólk og samfélagið meira meðvitað um umhverfi sitt.
- Nemendur og starfsfólk kynnist og fræðist um umhverfi og náttúru í gegnum daglegt starf í skólanum.
- Efla umhverfisvitund með því að flokka og endurnýta efni.
- Hafa umhverfi skólans snyrtilegt.
- Vera meðvituð um að spara orku þegar það er hægt.
- Hvetja nemendur og starfsfólk til að draga úr mengun og bæta heilsuna með því að ganga í skólann.